

Árið 2022, þriðjudaginn 18. janúar kl. 11:00 var haldinn opnunarfundur í Borgartúni 12-14, Reykjavík, vegna EES útboðs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar nr. 15141 „Ræsting í leikskólum Reykjavíkurborgar.“ Fundi stjórnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

Hreint ehf. leggur fram eftirfarandi bókun við framkvæmd Reykjavíkurborgar á útboði nr. 15141 – Ræsting í leikskólum Reykjavíkurborgar

Hreint ehf gerir eftirfarandi athugasemd við framkvæmd Reykjavíkurborgar vegna útboðs :

Í grein 1.3. um samskipti á samningstímanum stendur: „ Sérstaklega er bjóðendum bent á lokunartíma skóla yfir sumartíma ásamt starfsdögum sbr. kafla 2.1.2. en þá daga eru engin þrif og munu greiðslur falla niður þannig tíma sem ekki er þrifið. Bjóðendum er gert að gera ráð fyrir því í tilboði sínu“

Í grein 3.1.1 um umfang og tilhögun verksins stendur: „ Leikskólar Reykjavíkurborgar eru lokaðir 6 daga á ári vegna starfsdaga en þá daga er ekki ræst. Ennfremur eru leikskólarnir lokaðir vegna sumarleyfa starfsmfólks og er misjafnt hversu eftir leiksskólum hversu langan tíma lokunin varir. Þá daga sem leikskólarnir eru lokaðir er ekki ræst. Bjóðendur skulu gera ráð fyrir þeim lokunum við gerð tilboða“

Í fyrirspurnum nr. 15 og 16 sem bárust er spurt út í skilning á þessum greinum. Í svarinu við fyrirspurn 16 kom þetta svar: „Í raun er það talan í reitum D11 – D16 í tilboðsblaði sem hefur endanlegt gildi, þar sem hún er byggð á tölum úr reit H og þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra lokana sem taldar eru upp í útboðsgögnum“.

Vandamál bjóðenda snýr að því að skv. gögnum er ætlast til að þeir taki tillit til umrædda lokanna og að það endurspeglar í lokaverði til verkkaupa en síðan reiknar tilboðsbókin vikuverðið (sem á að taka tillit til lokana í skólunum) upp í 48 vikur. Talan sem bjóðendur þurfa að skila inn felur þannig í sér tvöfalda lokun, þ.e. búið er að gera ráð fyrir lokunum í útreikningi og svo reiknar tilboðsbókin upp verðið m.v. 48 vikur en ekki 52 vikur.

Er það mat undirritaðs að svörin hafi ekki innifalið fullnægjandi útskýringu fyrir bjóðendum.

Teljum við mikilvægt að það sé skýrt hvað ætlast sé til af bjóðendum og að allir hafi sameininlega sýn á hvað tilboð bjóðenda innifela. Við teljum því afar líklegt að bjóðendur hafi ekki sama skilning á útboðsgögnum og svörum við fyrirspurnum þannig að samanburður tilboðstala kann að vera gerður á röngum forsendum og því tölunar ekki samanburðarhæfar.

**Tilboð þeirra bjóðenda sem skiluðu inn tilboði fyrir kl. 10:00, 13. janúar 2022, og bókuð voru þá í fundargerð, verða nú opnuð:**

1 Hreint ehf.	Hluti 1	Kr	50.552.341
	Hluti 2	Kr	47.724.196
	Hluti 3	Kr	67.673.432
	Hluti 4	Kr	49.339.814
	Hluti 5	Kr	41.004.063
	Hluti 6	Kr	61.975.930
2 AÞ-Þrif ehf.	Hluti 1	Kr	47.281.537
	Hluti 2	Kr	38.481.596
	Hluti 3	Kr	56.477.552
	Hluti 4	Kr	40.266.125
	Hluti 5	Kr	34.481.586
	Hluti 6	Kr	43.208.575
3 Iclean ehf.	Hluti 1	Kr	69.290.323
	Hluti 2	Kr	58.668.247
	Hluti 3	Kr	89.517.406
	Hluti 4	Kr	66.211.041
	Hluti 5	Kr	54.413.062
	Hluti 6	Kr	61.826.983
4 Dagar hf.	Hluti 1	Kr	42.749.907
	Hluti 2	Kr	43.142.919
	Hluti 3	Kr	62.312.981
	Hluti 4	Kr	42.706.491
	Hluti 5	Kr	35.062.715
	Hluti 6	Kr	44.742.381
5 Sólar ehf.	Hluti 1	Kr	63.356.990
	Hluti 2	Kr	52.461.582
	Hluti 3	Kr	81.184.511
	Hluti 4	Kr	64.071.217
	Hluti 5	Kr	47.434.838
	Hluti 6	Kr	59.115.013
Kostnaðaráætlun	Hluti 1	Kr	50.131.616
	Hluti 2	Kr	44.372.910
	Hluti 3	Kr	59.197.931
	Hluti 4	Kr	42.192.276
	Hluti 5	Kr	35.447.722
	Hluti 6	Kr	39.921.084

Fleiri tilboð bárust ekki  
Fundu slitið kl. 12:00